

Reglur um greiðslur vegna dvalar barna úr Garðabæ hjá dagforeldrum

Bæjarráð Garðabæjar samþykkir að greiða mánaðarlega í ellefu mánuði á ári fjárhæð vegna dvalar barna úr Garðabæ hjá dagforeldrum. Skilyrði fyrir greiðslu er:

1. Að hlutaðeigandi barn hafi náð 10 mánaða aldri og eigi lögheimili í Garðabæ.
2. Að viðkomandi dagforeldri hafi starfsleyfi samkvæmt reglugerð um daggæslu í heimahúsum.
3. Að barn sé slysatryggt.
4. Að fyrir liggji þjónustusamningur milli dagforeldris, foreldra og leikskólafulltrúa Garðabæjar.

Ef að foreldrar eiga ekki rétt á fullu fæðingarorlofi geta þeir sótt um greiðslu þegar barn nær 6 mánaða aldri.

A Mánaðarleg greiðsla skal miða við dvalartíma barns að hámarki með eftirfarandi hætti.

Almenn niðurgreiðsla frá Garðabæ:	Hámarksgjald hjá dagforeldrum samkvæmt þjónustusamningi:	
Fyrir 4 stunda vistun	kr. 48.291	kr. 75.569
Fyrir 5 stunda vistun	kr. 60.781	kr. 92.651
Fyrir 6 stunda vistun	kr. 72.055	kr. 108.517
Fyrir 7 stunda vistun	kr. 85.183	kr. 126.237
Fyrir 8 stunda vistun	kr. 96.590	kr. 142.236
Fyrir 8,5 stunda vistun	kr. 102.625	kr. 152.863
Fyrir 9,0 stunda vistun	kr. 108.660	kr. 163.490

Ef um hálftrar stundar vistun er að ræða greiðast kr. 6.036 fyrir hverja hálfu stund.

B Niðurgreiðsla til einstæðra foreldra og foreldra sem eru í fullu námi.

Almenn niðurgreiðsla frá Garðabæ:	Hámarksgjald hjá dagforeldrum samkvæmt þjónustusamningi:	
Fyrir 4 stunda vistun	kr. 57.735	kr. 77.666
Fyrir 5 stunda vistun	kr. 72.666	kr. 95.352
Fyrir 6 stunda vistun	kr. 86.424	kr. 111.865
Fyrir 7 stunda vistun	kr. 101.047	kr. 129.243
Fyrir 8 stunda vistun	kr. 115.480	kr. 146.432
Fyrir 8,5 stunda vistun	kr. 122.102	kr. 155.809
Fyrir 9 stunda vistun	kr. 129.911	kr. 166.373

Ef um hálftrar stundar vistun er að ræða greiðast kr. 7.217 fyrir hverja hálfu stund.

Leggja skal fram fjölskylduvottorð í tilviki einstæðra foreldra og námsvottorð skóla í tilviki námsmanna.

Greiðslufjárhæð til einstæðra foreldra og námsmanna er háð tímabundnu ákvæði í Gjaldskrá leikskóla um hækkun á afslætti einstæðra foreldra og námsmanna sem er 40% og gildir til ársloka 2023.

Foreldrar, sem hafa tvö eða fleiri börn í leikskólavist, fá 50% afslátt af grunngjaldi fyrir hvert barn umfram eitt. Það á þó ekki við um foreldra sem njóta sérstakrar niðurgreiðslu samkvæmt B – lið.

Reglur þessar taka gildi 1. janúar 2023 og falla þá jafnframt úr gildi eldri reglur samþykktar í bæjarstjórn 18. janúar 2022.

*Samþykkt í bæjarráði Garðabæjar
10. janúar 2023*

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.*